


Guðni Magnús Eiríksson,
Sviðsstjóri
Fiskistofa
Dalshrauni 1
220 Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. apríl 2014
Tilvísun: UST20140300020/ksj

Staðsetning einbýlishúss að Hólkot 1 miðað við Ólafsfjarðarsvatn

Vísað er til erindis Fiskistofu er barst 4. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að staðsetningu einbýlishúss við Ólafsfjarðarvatn.

Náttúruminjar

Áætlað sumarhús er staðsett í landi Hólkots við Ólafsfjarðarvatn. Ólafsfjarðarvatn er svæði nr. 539 á náttúruminjaskrá, í skránni segir: „*Vatnið allt ásamt ósi. Strandvatn 270 ha. Mjög sérstætt náttúrufyrirbrigði. Ferskt vatn flytur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikil og fjölbreytt lífríki.*” Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gæta að sjónrænum áhrifum þegar framkvæmt er nálægt svo sérstæðum náttúruminjum, og gæta þess að framkvæmdir falli að umhverfi og að forðast verði allt óþarfa rask.

Fjarlægð frá vatni

Fram kemur á afstöðumynd að hús að Hólkoti 17 er áætlað í 85 metra fjarlægð frá Ólafsfjarðarvatni. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við staðsetningu áætlaðs húss.

Fráveita

Mikilvægt er að vandað verði til allrar fráveitu frá áætluðu einbýlishúsi vegna nálægðar við Ólafsfjarðarvatn. Varðandi fráveitu bendir stofnunin á leiðbeiningar við gerð rotþróa sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst
Kristín S Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur